

Bréf

Alþingi  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. nóvember 2013  
2013110008

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (viðaukar og reglugerðarheimild), 139. mál á 143. löggjafarþingi**

Óskað var eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarpið með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. nóvember 2013.

Bændasamtök Íslands vilja með bréfi þessu benda á nauðsyn þess að tafir verði ekki á því að reglugerð, sem fyrirhugað er að komi í stað viðauka við lögin, verði sett af ráðherra. Þá hvetja Bændasamtökin til þess að atvinnuveganefnd Alþingis fullvissi sig um að fullnægjandi sé að tilgreina sjúkdómalista í stjórnslufyrirmælum með hliðsjón af bótagreiðslum úr ríkissjóði vegna fyrirskipana ráðherra um aðgerðir, sbr. 8. gr. laganna.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

---

Elías Blöndal Guðjónsson (sign.)